

Háðfuglinn, sem gekk of langt:

Stalín lét þagga niður í fremsta ádeiluhöfund

Zoshchenko, „Leningrad-höfundur“, sem Zhadnov beindi skeyti sínu að, dáinn

SOVÉTSTJÓRNIN tilkynnti í s.l. viku, að rithöfundurinn Mikhaíl Zoshchenko hefði látist 23. júlí í Leningrad, 63 ára að aldri. Zoshchenko var einn vinsælasti rithöfundur Sovétríkjanna fyrir 1940 en eftir það fór stjarna hans lækkanð og er leið fram um 1950 var hætt að gefa verk hans út og nafn hans að mestu horfið — nema þegar það var stundum notað sem skammamyrdi.

Starfsferill Zoshchenkos mátti teljast einkennandi fyrir starfsferil háðskálda (satirista) í einræðislöndum. Í fyrstu ávann hann sér mikla hylli með ádeilu sinni, en smámsamanför sviðinn af henni að verða meiri, en Stalín gat þolað. Hyllin dæmi höfundinn til bókmenntalegs dauða.

ARÁSIR Á LENINGRAD-HÖFUNDANA.

Zoshchenko var annað aðal-skáldið, sem varð fyrir hörðustu árás, sem gerð hefur verið á skapandi ritmennsku í Sovétríkjunum þau fjórutíu ár, sem kommúnistar hafa setið að völdum í Rússlandi. Þetta var árás Andreis A. Zhadnovs sáluga á Leningradrithöfundana árið 1946. Urðu Zoshchenko og Anna Akhmatova aðallega fyrir þeirri árás.

REKINN ÚR RITHÖFUNDASAMBANDI.

Mikhaíl Zoshchenko var rekinn úr rithöfundasambandi Sovétríkjanna, og þótt hann reyndi

stöku sinnum að komast áfram á sjónarsviðið á ný, tókst honum aldrei að brjóta undan farginu, sem hin pólitíska forðæming var. Jafnvel „hlákan“ eftir dauða Stalíns bætti ekki aðstöðu hans.

GAFAST EKKI UPP.

Árið 1954 fékk hann að skrifa tvær síður í Krokodil (rússneska Spegilinn) og sýndi þá, að hann hafði ekki látið sig, því að síðurnar notaði hann til að ráðast á flaðrandi höfunda og gagnrýndur, skrifstofubáknið í útgáfufyrir tækjum ríkisins og alla hina þunglamalegu vél, er lamar listasköpun í einræðislandi.

SVIPAR TIL DAMON RUNYON.

Zoshchenko hefur verið líkt við ameríska háðfuglinn Damon Runyon, einkum þar eð hann lætur venjulega ruddalegan mann að málvari og menntun, sem er fulltrúi hinnar nýju stjórna, segja sögurnar, og sýni með málvari hans hið mikla djúp, sem staðfest er milli hinna sovétzku loforða og hinna sovétzku efnda.


MEST SMÁSÖGUR.

Flestar bækur hans frá þessum tíma eru safn smásagna, sem áður höfðu birst í blöðum og tímaritum. Þekktustu bækurnar eru „Virðulegi borgari“, „Taugaóstyrkt fólk“ og „Smámunir úr lífinu“. Það var fyrst og fremst sagan „Ævintýri apa“, sem hann skrifaði í lok seinni heimsstyrjaldarinnar er olí árás Zhadnovs, en hún batt endi á rithöfundarferil hans.

Útgjöld Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar nema 5 millj. dollara í áætlun fyrir 1959

FJÁRHAGSÁÆTLUN Alþjóða kjarnorkustofnunarinnar — IAEA — eða International Atomic Energy Agency eins og það heitir á ensku — hefur verið lögð fram á framkvæmdaráðsfundi, sem haldinn var í Vínarborg, þar sem stofnunin hefur aðalbækisstöðvar sínar. Útgjöld áætlunarinnar, sem er fyrir árið 1959, nemur samtals 5.225.000 dollurum.

Auk þess koma framlög til framkvæmdasjóðsins, en úr honum er greitt fyrir ýmsar vísindalegar framkvæmdir, sem stofnunin gengst fyrir. Ákveðið hefur verið, að tillög



Myndin er af flutningaskipinu Baldri frá Dalvík, er það fyrir nokkru kom til Raufarhafnar með farm af tónum tunnum frá Akureyri. Á leiðinni hreppiti skipið slæmt veður, missti 220 tonn af þífla og hallaðist mikið er það kom til Raufarhafnar. Tunnurnar sem útbýrðis tók, rak á land austan við Rauðanúp á Melrakkaslétu og var bjargað hér. — Ljós. Hörður Vilhjálmsson.

Úthlutun úr menningar og minningarsjóði kvenna í ár lokið

Úthlutað var 32 þús. kr. til 18 kvenna

NÝLEGA er lokið úthlutun styrkja úr Menningar og minningarsjóði kvenna fyrir yfirstandandi ár. Úthlutað var 32 þúsund krónum til 18 kvenna. Nokkrar fleiri umsóknir bárust, er ekki var hægt að sinna að þessu sinni. Eftirfarandi styrkir voru veittir:

Alma E. Hansen, Rvk. Tónlist í Þýskalandi, kr. 2000.00.
Arnheiður Sigurðard., S.-Þing. Íslensk fr. Hásk. Ísl. kr. 2000.00.
Áslaug Jóhannsd., Hveragerði. Efnafr. í Þýskalandi, kr. 3500.00.
Ásgerður Ester Búadóttir, Rvk. Myndvef., kr. 1500.00.
Gísirún Sigurbjörnsd., Rvk. Listvef. í Austurr. kr. 1000.00.
Grimhildur Bragad., Arness. Tannlækn. í Þýskal., kr. 2500.00.
Guðrún Jónsd., Rvk. Hýbýlafræði í Danmörku, kr. 1000.00.
Guðrún Sigr. Magnúsd., V.-Skapt. Ísl. fræði. Háskóla Ísl., 1500.00.
Gústa I. Sigurðard., Rvk.

Franska og fr. bókm., í Frakklandi, 2500.00.
Helen Louise Markan, Rvk. Söngur í Svíþjóð, kr. 1000.00.
Ingibjörg Stephensen, Rvk. Tallækn. í Engl., kr. 2000.00.
Jóna Þorsteinsd., Rvk. Listvefnaður í Austurríki, kr. 1000.00.
Maia Sigurðard., Akureyri. Sálfræði í Bretlandi, kr. 3500.00.
Margrét E. Margeirsd., Rvk. Félagsmálafr. í Danmörku, kr. 1500.00.
Olga Jóna Pétursd., Rvk. Sjúkranudd í Þýskalandi, kr. 1000.00.
Sigrún Árnadóttir, Rvk. Ísl. fræði. Háskól. Ísl., kr. 1500.00.
Sólveig Kolbeinsd., Skagaf., Ísl. fræði. Háskól. Ísl., kr. 1000.00.
Zita Kolbrún Benediktsd., Rvk. Tónlist í Danm., kr. 2000.00.

Bræla á síldarmiðum og engin veiði

NORÐANÁTT og síld er fyrir Norður- og Austurlandi og ekkert veiðiveður. Liggur allur síldveiðiflotinn ýmist í höfn um eða varj og hefur verið svo undanfarna daga. Vart hefur orðið við síld fyrir Austurlandi, en ekki hefur verið hægt að fara í báta vegna veðurlagsins.

Forsetahjónin heimsækja Norður-Ísafjarðarsýslu nú um helgina

FORSETI ÍSLANDS herra Ásgeir Ásgeirsson, og forsetafrú Dóra Þórhallsdóttir fara í opinbera heimsókn í Norður-Ísafjarðarsýslu nú um helgina. Munu þau koma að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp sunnu-

6 togaralandanir í vikunni

6 TOGARAR lönduðu í vikunni sem leið — Á þriðjudag lönduðu, Skúli Magnússon 278 lestum, Þorsteinn Ingólfsson 326 lestum, Marz 321 lest og Neptúnus 344 lestum. — Á fimmtudag lönduðu, Pétur Halldórsson 293 lestum og Karls-efni landaði í gær rúmum 80 lestum.

Jökull 7. árg.

Ársrit Jöklarannsóknafél. Íslands

„JÖKULL“, ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands, 7. ár er ný kominn út. Í því skrifa margir fræðimenn auk þess sem fjöldi mynda prýðir heftið.

Þessir menn rita í þetta hefti „Jökuls“: Gunnar Böðvarsson, Sigurður Þórarinnsson, G. R. Ellistón Sigurjón Rist, Flosi Björnsson, Guðmundur Kjartansson, Jóhannes Briem, Jón Eyþórsson. Þá er skrá yfir nýja félaga Jöklarannsóknafélagsins og áskrifendur „Jökuls“.

Vilhjálmur og Da Silva

VILHJÁLMUR og Da Silva keppa öðru sinni í Svíþjóð á morgun í Sundsvall. Þar eru skilyrði til þristökkskeppni sögð hin beztu, og má því búast við góðum árangri.

Esperantotímarit kynnir Kjarval

ESPERANTOTÍMARITIÐ „Belarto“ (Fagrar listir), sum arhefti þessa árs, birtir all langa grein um Jóhannes Kjarval eftir Baldur Ragnars son stud. mag.

Greinin er prýdd myndum eftir listamanninn, m. a. heil siðulitmynd af málverki Kjarvals Úti og inni. Léði bókaútgáfan Helgafell tímaritinu mynda mótin. Er hér um að ræða merkilega og nýstárlega kynningu á Kjarval, sem hefur vakði athygli meðal erlendra esperantista. Tímaritið Belarto er gefið út af Alþjóðasambandi esperantista, Rotterdam.

Góður árangur í tugbraut

Í GÆR fór fram á íþróttavellinum fyrri hluti tugbrautárkeppni, sem ÍR gengst fyrir. Björgvin Hólm náði mjög góðum árangri, 3515 stigum, og má því búast við að hann nái lágmarkskröfu til þátttöku í EM, sem er 6000 stig. Árangur Björgvins í einstökum grein um var sem hér segir: 100 m. hlaup 10,9, langstökk 6,54, kúluvarp 12,00, hástökki 1,70, 400 m. hlaup 52,4.

Kynnir sér vélvæðingu í brezkum landbúnaði.

HARALDUR ÁRNASON, landbúnaðarvélaráðunautur Búnaðarfélags Íslands, hefur nýlega lokið ferðalagi um England í boði British Council.

Haraldi var boðið að kynna sér nýttizku aðferðir við vélvæðingu landbúnaðarins í Englandi og dvaldist hann þar frá 23. júní til 14. júlí. — Meðan á dvöl Haraldar í Englandi stóð heim sótti hann margar landbúnaðarstofnanir, m. a. National Institute og Agricultural Engineering og verksmiðjur Massey Ferguson í Coventry.